



MYRKIR
MÚSÍKDAGAR

25.-27. janúar 2018



Sinfóníuhljómsveit Íslands (IS)
Sæunn & Víkingur
Eldborg, Harpa
19:30

Efnisskrá / Program

Sebastian Fagerlund
Drifts (2017) 11'

Haukur Tómasson
Píanókonsert nr. 2 (2017) 16'

Hlé

Páll Ragnar Pálsson
Quake fyrir selló og kammersveit (2017) 15'

Magnús Blöndal Jóhannsson
Adagio fyrir strengi (1980) 6'

Haukur Tómasson
Í sjöunda himni (2011) 7'

Flytjandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands
Stjórnandi: Daníel Bjarnason
Einleikararar: Víkingur Heiðar Ólafsson og
Sæunn Þorsteinsdóttir

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi á árunum 2004–2007 og lauk prófi með hæstu einkunn. Af hljómsveitum sem hann hefur stjórnað síðan má nefna Fílharmóníusveit Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto og Tókýó, Fílharmóníusveit BBC, Ulster-hljómsveitina á Norður-Írlandi og Sinfóníettuna í Kraká í Póllandi auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hljómsveitar Íslensku óperunnar.

Daníel er mikils metið tónskáld og hefur m.a. skrifað verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveitina í Cincinnati auk fjölda annarra tónsmíða. Hann er félagi í Bedroom Community og hefur gefið út þrjá hljómdiska á þess vegum, Processions (2010), Solaris (2012) og Over Light Earth (2013). Í ágústmánuði síðastliðnum voru frumflutt tvö ný verk eftir Daníel. Annars vegar var um að ræða óperuna Brothers, sem byggð er á kvikmynd Susanne Bier, Brødre, og var sýnd á vegum Jósku óperunnar í Árósum. Hitt verkið er nýr fiðlukonsert sem Pekka Kuusisto og Fílharmóníusveit Los Angeles frumfluttu í Hollywood Bowl undir stjórn Gustavo Dudamel. Í kjölfarið flutti Kuusisto konsertinn á fimm tónleikum í Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi undir stjórn Esa-Pekka Salonen og Osmo Vänskä. Nýjasta verk Daníels, kammerverkið White Flags, var frumflutt þann 19. janúar í Frits Philips Muziekgebouw í Eindhoven þar sem hann er staðarlistamaður.



Daniel Bjarnason gegnir margþættu hlutverki hjá Sinfóníu-hljómsveit Íslands: hann er hljómsveitarstjóri og tónskáld ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.

danielbjarnason.net

Vikingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníu-hljómsveit Íslands árið 2001 og er löngu landsþekktur fyrir tónlistarstörf sín. Hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í júní síðastliðnum og hefur hlotið fjölda annarra viðurkenninga, til dæmis hefur hann fjórum sinnum verið valinn Flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. Vikingur er eftirsóttur einleikari og hefur m.a. leikið með hljómsveitinni Fílharmoníu í London, Elbphilharmonie-hljómsveitinni í Hamborg, Fílharmoníusveit Los Angeles, dönsku og sænsku útvarpshljómsveitunum og Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín. Hann mun á næstu mánuðum koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto, Fílharmoníusveitinni í Turku, NHK sinfóníuhljómsveitinni í Tókýó og Þjóðar-hljómsveit Eistlands. Á nýliðnu ári hélt hann einleikstónleika í Elbphilharmonie, Fílharmoníunni í Köln, Konzerthaus í Vínaarborg, í Eldborgarsal Hörpu og á La Roque d'Anthéron

píanóhátíðinni í Frakklandi, MITO-hátíðinni í Milanó, í tónleikaröðinni International Piano Series í Lundúnum, og á hátíðinni Mostly Mozart í Lincoln Center í New York. Mörg blöð hafa fjallað lofsamlega um leik hans, m.a. Dagens Nyheter, Le Monde, The Independent, New York Times, Gramophone og BBC Music Magazine. Fyrsti hljómdiskur Víkinga fyrir Deutsche Grammophon-útgáfuna, þar sem hann leikur píanóverk eftir Philip Glass, kom út fyrir ári og hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Víkingur vinnur nú að næsta disk fyrir DG sem kemur út síðar á þessu ári og verður helgaður tónlist Johanns Sebastians Bach. Þá lék Víkingur tónlistina í kvikmynd breska leikstjórans Joe Wright, Darkest Hour, sem fjallar um Winston Churchill og gerist í upphafi seinni heimsstyrjaldar. Tónlistin er eftir ítalska tónskáldið Dario Marianelli og kom út hjá DG í nóvember síðastliðnum. Víkingur er listrænn stjórnandi tónlistarhátíðanna Reykjavík Midsummer Music og Vinterfest í Svíþjóð. Hann stóð að sjónvarpsþáttunum Útúrúr (2012–13), ásamt Höllu Oddnýju Magnúsdóttur, og stofnaði útgáfufyrirtækið Dirrindí árið 2009. Víkingur stundaði píanónám hjá Erlu Stefánsdóttur og Peter Máté, og síðar hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard tónlistarháskólann í New York. Hann naut um árabíl stuðnings úr Minningarsjóði um Birgi Einarson.

vikingurolafsson.com

Sæunn Þorsteinsdóttir er einn fremsti sellóleikari Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir innblásinn leik sinn. Hún byrjaði fimm ára gömul að læra á selló hjá Hauki Hannessyni við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins. Þegar hún var sjö ára fluttist hún til Bandaríkjanna þar sem hún hefur búið að mestu síðan. Hún lauk mastersnámi frá Juilliard tónlistarháskólanum í New York og doktorsprófi frá SUNY Stony Brook. Helstu kennarar hennar voru Richard Aaron, Tanya L. Carey, Colin Carr og Joel Krosnick.

Sæunn hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum tónlistarkeppnum og komið fram á fjölda tónleika og tónlistarhátíða víða um heim, svo sem í Carnegie Hall í New York, Disney Hall í Los Angeles, Suntory Hall í Tókýó, Elbphilharmonie í Hamborg, Menningarmiðstöð Hong Kong, Kowloon og í Eldborgarsal Hörpu. Hún hefur m.a. leikið einleik með Fílharmoníusveit Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto,

Elbphilharmonie-hljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Íslands og á næstunni mun hún leika þrileikskonsert Beethovens í Benaroya Hall í Seattle. Hljóðritun Sæunnar á einleikssvítum Brittens fyrir selló á vegum Centaur Records hlaut frábæra dóma.

Sæunn kennir við Washington-háskóla í Seattle og er sellóleikari kammerhópsins Frequency þar í borg. Hún er líka ein af stofnendum og listrænum stjórnendum kammerhópsins Decoda í New York, sem hefur að markmiði að glæða flutning kammertónlistar nýju lífi með skapandi fræðslu og samfélagsþátttöku. Decoda ferðast víða; á liðnu ári fór hópurinn t.a.m. í tónleikaferð um Suður-Afríku og þau voru staðarlistamenn í Konunglega tónlistarháskólanum í Glasgow og í Guildhall tónlistarháskólanum í Lundúnum. Þá hefur Sæunn komið fram með Bedroom Community bæði austanhafs og vestan.

www.saeunn.com

Sebastian Fagerlund (f. 1972) er eitt fremsta tónskáld Finna af sinni kynslóð. Hann stundaði fiðlunám við tónlistarháskólann í Turku áður en hann innritaðist í tónsmíðanámið við Sibeliusar-akadémíuna í Helsinki. Þaðan útskrifaðist hann árið 2004 og sló í gegn tveimur árum síðar með klarinettkonsert sínum. Með hljómsveitarverkinu Ignite vann Fagerlund til Teosto-verðlaunanna árið 2011 en þau eru ein helstu tónlistarverðlaun Finna, veitt fyrir verk sem þykja bera með sér nýjabrum og frumleika. Tónsmíðum Fagerlunds hefur verið lýst svo, að þær einkennist af rytmískum púlsi, útleitinni hreyfingu og breiðum dúandi hljómunum. Stundum er allt þrennt í gangi í senn, stundum er ein víddin ráðandi en alltaf einkennast verkin af krafti og fágaðri framvindu. Það er ljóst hvert stefnir: Áfram. Fagerlund er þekktastur fyrir konserta sína og hljómsveitarverk en á verkalista hans eru einnig fjölmörg einleiks- og kammerverk. Þá hefur hann samið tvær óperur, kammeróperuna Döbeln (2008–2009) og Höstsonaten, sem frumsýnd var í Finnsku þjóðaróperunni í Helsinki í september síðastliðnum. Óperan er byggð á samnefndri kvikmynd Ingmars Bergman og skartaði mezzosópransöngkonunni Anne Sofie von Otter í aðalhlutverkinu.

Um Drifts Drifts var samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar finnska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg og

Sinfóníuhljómsveitarinnar í Galisíu á Spáni. Það var finnska útvarpshljómsveitin sem frumflutti það í maí í fyrra, undir stjórn Hannu Lintu.

Fagerlund hefur verið listrænn stjórnandi kammertónlistarhátiðarinnar RUSK í Jakobstad í Finnlandi frá 2013 og veturinn 2016–17 var hann staðartónskáld Concertgebouw tónlistarhússins í Amsterdam.

Haukur Tómasson (f. 1960) er í fremstu röð norrænna samtímatónskálda. Hann stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarháskólann í Köln og Sweelinck listaskólann í Amsterdam áður en hann lauk meistaranámi í tónlist frá Kaliforníuháskóla í San Diego árið 1990. Haukur hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir kammeróperu sína Fjórdi söngur Guðrúnar en verðlaunin eru æðsta viðurkenning sem norrænu tónskáldi getur hlotnast. Mörg fleiri verðlaun hafa fallið Hauki í skaut, hann hefur t.a.m. í þrígang hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin, síðast árið 2012 fyrir kammerverkið Moldarljós.

Um Píanókonsert nr. 2

Píanókonsert nr. 2 var saminn að beiðni Elbphilharmonie-hljómsveitar norðurlandska útvarpsins og Fílharmóníusveitar Los Angeles. Hann var frumfluttur í Hamborg á liðnu ári af Víkingi Heiðari Ólafssyni og fyrrnefndu hljómsveitinni, undir stjórn Esa-Pekka Salonen sem í kjölfarið stýrði flutningi verksins í Los Angeles með hljómsveitinni þar. Konsertinn ber ýmis höfuðeinkenni tónsmíða Hauks, svo sem í hugmyndaríkri notkun slagverks og skýrt útfærðum rytmískum mynstrum í bland við þykkann hljóðvef. Hann er í einum kafla sem segja má að byggist í tvígang upp í hápunkt, með því móti að píanóið hefur leikinn ásamt stöku hljóðfæri en síðan bætast fleiri hljóðfæri og hljóðfærahópar í vefinn. Eftir síðari hápunktinn kemur eins konar vaggandi eftirþanki þar sem þrískiptur taktur eða þrjár nótur í sama takti eru áberandi um skeið, áður en píanóið eins og læðist upp á við og út úr myndinni. Haukur heldur einleikaranum við efnið, píanóið er „inni á vellinum“ allan tímann, og hlutverki þess er meistaralega skipt milli sólistískra tilþrifa og náns samspils með hljómsveitinni.

Um Í sjöunda himni

Í sjöunda himni eftir Hauk Tómasson bar sigur úr bítum í

samkeppni um tónverk til flutnings á opnunarhátíð Hörpu og var frumflutt í Eldborg 13. maí 2011 undir stjórn Petris Sakari. Verkið er glaðlegt eins og heiti þess gefur til kynna. Í upphafinu eru flöggrandi tónarunur blásaranna áberandi en síðan vex fram þéttur strengjavefur og slagverksdeildin, þar með talin harpa, píanó og selesta, hefur einnig nóg að starfa. Þegar liður á verkið staflast þessi element svo upp á rytmískan hátt uns kemur að hápunkti sem ber yfirskriftina Estatico – í sjöunda himni!

Um verkið segir Haukur: „Við samningu verksins hafði ég meðal annars í huga að kanna hljómburð hússins. Þá hugsaði ég um allt þetta gler og þá speglun sem ég sá fyrir mér að yrði í glerhjúpnum. Það eru stef í tónlistinni sem vísa í það og ákveðin speglun í tónunum. Bókstafirnir h, a, r, p og a höfðu einnig mikil áhrif á hljóðvef verksins. Þannig hefst það á örveikum loftkenndum hljóðum sem maður hefði verið feiminn við að nota í Háskólabíói. Síðan taka við opnari tónar og hljómar (a), þá kliður (r), síðan blokkkenndir hljómar (p) og loks eins konar ítrekun á a.“

haukurtomasson.com

Páll Ragnar Pálsson (f. 1977) lauk doktorsnámi í tónsmíðum frá Eistnesku tónlistarakademíunni í Tallinn árið 2014 en áður hafði hann numið við Listaháskóla Íslands, auk þess sem hann lék um árabíl með rokkhljómsveitinni Maus þangað sem að vissu leyti má rekja hugmyndir hans um hljóð. Í tónsmíðum sínum sækir Páll í austur-evrópska tónsmíðahefð og verkum hans má lýsa sem organísku línulaga umbreytingaferli með sterkum andlegum undirtón. Á fjölbreyttum verkalista hans eru kammerverk, kórtónlist og hljómsveitarverk auk útsetninga fyrir hljómsveit. Fiðlukonsert Páls Nostalgia hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2013 og samnefnd plata kom út sumarið 2017 hjá Smekkleysu.

Páll Ragnar kennir tónsmíðar við Listaháskólann og er í stjórn Tónskáldafélags Íslands.

Um Quake Sellókonsertinn

Quake var saminn að beiðni Elbphilharmonie-hljómsveitar norðurbýska útvarpsins og Filharmóníusveitar Los Angeles og tileinkaður Sæunni Þorsteinsdóttur. Hún frumflutti hann ásamt fyrrnefndu hljómsveitinni í Hamborg í febrúar á liðnu ári undir stjórn Jonathans Stockhammer. Verkið var síðan flutt í Los An-

geles með Fílharmóníusveitinni þar, undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Verk Páls Ragnars kvikna gjarnan út frá hugleiðingum hans um efni sem liggja utan heims tónlistarinnar. Honum eru náttúruöflin hugleikin og um leið sú samsvörun sem sjá má með þeim og hræringum mannsálarinnar. Hann valdi eftirfarandi lýsingu úr skáldsögunni Stóra skjálfta eftir Auði Jónsdóttur sem inngangsorð sellókonsertsins:

„Í þúsundir ára safnaðist upp spenna í kvikunni og hún losnaði á einu augabragði í stórum skjálfta svo bergið undir fótum mér gliðnaði og steingervingar og silfurkristallar brutust upp á yfirborðið, löngu liðnir atburðir grafnir í eldgömul lög af jarðefnum, áður óþekktir hverir gusu og allt sem áður var varð að einhverju nýju, landslagið verður aldrei samt og áður. Ég stari ofan í hlydýpið, sprunguna í lífi sjálfrar mín, og heyri hvernig það brestur allt í kringum mig.“

pallagnarpalsson.com

Magnús Blöndal Jóhannsson (1925–2005) hóf ungur nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og nam síðan við Juilliard tónlistarháskólann í New York um sex ára skeið, frá 1947 til 1953. Hann varð einna fyrstur íslenskra tónskálda til að tileinka sér raðtækni sem tónsmíðaaðferð. Verkið Fjórar abstraksjónir var fyrsta verk hans með tólftónaaðferð og samið meðan hann var enn í New York en eftir heimkomuna til Íslands 1954 hélt hann áfram á sömu braut. Magnús var einn af stofnendum Musica Nova árið 1959 og hóf um líkt leyti að gera tilraunir með raftónlist. Frumraun hans á því sviði var Elektrónísk stúdía með blásarakvintetti og píanói sem frumflutt var á tónleikum Musica Nova í apríl 1960 og strax í kjölfarið fylgdu verkin Constellations (1961) og Punktur (1962). Magnús var sannkallaður brautryðjandi á þessu sviði enda þótt aðstæður til raftónsmíða væru þá bágbornar héraendis. Hann starfaði hjá Ríkisútvarpinu, fékk leyfi til þess að nýta sér tæki þess utan hefðbundins vinnutíma og vann þannig að verkum sínum. Því fór reyndar fjarri að tónsmíðar Magnúsar einskorðuðust við framúrstefnu; hann samdi einnig sönglög, kvikmynda- og leikhústónlist og er tónlist hans við kvikmynd Ósvaldar Knudsen Sveitin milli sanda þar best þekkt.

Um Adagio fyrir strengi

Upp úr 1970 verður nærri áratugshlé á tónsmíðum Magnúsar en þegar hann rýfur þögnina er það með verkum í allt öðrum stíl

en þeim sem markaði helstu tónsmíðar hans á sjöunda áratugnum. Þessi nýrri verk hafa verið kennd við nýrómantík og þekktast þeirra er Adagio , sem er frá árinu 1980. Magnús samdi það upphaflega á hljóðgervil og lék inn á tölvu en umskrifaði síðar fyrir strengjasveit, selestu og slagverk, auk þess sem það er til í útsetningu fyrir orgel.

www.sinfonia.is